

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2017

Viðauki vegna kostnaðaráhrifa kjarasamnings FÍH vegna einkarekinna tónlistarskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) hækki um 24.281 þkr. vegna kostnaðaráhrifa kjarasamnings Félags íslenskra hljómlistarmanna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færist á kostnaðarstað M3100.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-24.281
SFS	M3100	Einkareknir tónlistarskólar	Til	24.281
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 10. febrúar sl. var samþykkt miðlunartillaga ríkissáttasemjara vegna kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félaga kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Með samþykkt tillögunnar varð til mismunur í launasetningu kennara sem eru félagsmenn í Félagi íslenskra hljómlistarmanna sem gegna sömu störfum og eru félagsmenn í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Til samræmis við stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um að jafnræði ríki í launasetningu sömu starfa óháð kynferði, búsetu eða stéttarfélagsaðild, var launamunurinn leiðréttur með sérstakri samþykkt þann 8. mars 2017 og nemur kostnaðarauki vegna þessa 24.281 þkr.

Dagur B. Eggertsson